

**Ed.**

**609. Frumvarp til laga**

**[348. mál]**

um iðnráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Það er markmið þessara laga að stuðla að sem jafnastri aðstöðu landshluta, sveitarfélaga, félaga, fyrirtækja og einstaklinga í landinu til að njóta iðnráðgjafar svo sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Með iðnráðgjöf er átt við hvers konar fræðslu um iðnaðarmál, ráðgjöf, útvegum og miðlun upplýsinga, svo og hvers konar þjónustu sem stuðlað getur að iðnþróun, aukinni framleiðni, nýjum atvinnumöguleikum á sviði iðnaðar og bættri stöðu hans í landinu.

3. gr.

Ráðgjafarsjóður iðnaðarins veitir styrki til viðfangsefna, sem um ræðir í 2. gr., í samræmi við þau markmið sem talin eru í 1. gr. Hann lýtur yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Ríkissjóður leggur fjárhæð til sjóðsins samkvæmt því sem ákveðið verður í fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Eftirtalin verkefni má styrkja með framlögum úr ráðgjafarsjóði, sbr. 3. gr.:

Upplýsingaþjónustu um iðnaðarmál. Fræðslustarfsemi, þar á meðal fundahöld, um þau mál. Frumathugun á nýjum atvinnumöguleikum á sviði iðnaðar og á verkefnum við nýsköpun á því sviði, enda sé að jafnaði um að ræða verkefni sem njóta ekki styrkja hjá öðrum sjóðum. Ferðir til að sinna verkefnum sem um ræðir í þessari grein og til öflunar upplýsinga.

5. gr.

Einstök sveitarfélög og samtök þeirra, félög, t.d. iðnþróunarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar, geta fengið framlög úr sjóðnum, enda komi til mótframlög frá þeim og fullnægt sé að öðru leyti skilyrðum er sett verða samkvæmt lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þrem mönnum sem iðnaðarráðherra skipar til tveggja ára í senn. Bygðastofnun tilnefnir einn, Iðntæknistofnun Íslands annan, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins veitir árlega framlög úr ráðgjafarsjóði samkvæmt umsóknum aðila sem 5. gr. tekur til. Hún getur með samþykki iðnaðarráðherra gefið fyrirheit um framlög til að ljúka tilteknu, afmörkuðu verkefni sem tekur lengri tíma en eitt ár. Fyrirheit má þó ekki veita meira en tvö ár fram í tímann.

8. gr.

Stjórnin ákveður meðal annars hve há mótframlög umsækjanda skuli vera. Hún getur áskilið að aðili hafi sérstaka iðnráðgjafa í þjónustu sinni, svo og ákveðið hvort endurgjalds skuli krafist fyrir þjónustu og með hvaða hætti. Ef sérstök ástæða þykir til má fella niður skilyrði um mótframlag skv. 5. gr.

9. gr.

Sá sem framlag fær úr ráðgjafarsjóðnum er skyldur, ef óskað er, að láta stjórninni í té sundurliðaða greinargerð um hvernig framlagi hefur verið varið svo og skýrslu um árangur. Nú telur stjórnin að starfsemi aðila sé ekki með þeim hætti sem lög þessi gera ráð fyrir og getur hún þá stöðvað greiðslur. Ef starfseminni hefur verið mjög ábótavant má endurkrefja greidd framlög að fengnu samþykki ráðherra.

10. gr.

Iðnaðarráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar má meðal annars kveða á um starfshætti stjórnar, daglegan rekstur ráðgjafarsjóðs, frágang umsókna, nánari skilyrði fyrir því að framlög verði veitt, um réttarstöðu iðnráðgjafa samkvæmt þessum lögum, svo og annað sem máli þykir skipta.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987, en lög nr. 86 31. desember 1981 gilda til 30. júní 1987.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Árið 1981 voru sett lög um iðnráðgjafa, nr. 86/1981. Ákveðið var að þau skyldu gilda til 31. desember 1985, en það þýddi að fyrir þann tíma skyldu lögin endurskoðuð að fenginni reynslu.

Sérstök nefnd, Samstarfsnefnd um iðnráðgjöf í landshlutunum, sá um framkvæmd laganna í umboði ráðuneytisins. Að tillögu þessarar nefndar fól ráðuneytið Iðntæknistofnun Íslands í mars 1984 að annast samræmingu á störfum iðnráðgjafanna. Þessi nefnd skilaði í september sama ár greinargerð um reynslu af starfseminni. Skýrslan nefnist Iðnráðgjöf í landshlutunum.

Hinn 6. nóvember 1984 skipaði iðnaðarráðuneytið þriggja manna nefnd til að endurskoða lögin um iðnráðgjafa. Þessi nefnd skilaði 16. júlí 1985 frumvarpi um iðnráðgjafa.

Nefndin lagði til að lögin frá 1985 yrðu framlengd til ársloka 1986 og samhliða því að lögfestar yrðu nokkrar breytingar, m.a. um auknar heimildir til að greiða skrifstofu- og ferðakostnað iðnráðgjafa. Skyldi svo stefnt að því að lagt yrði fram frumvarp um framtíðarskipun iðnráðgjafar í landshlutunum á Alþingi í október 1986. Frumvarp nefndarinnar er prentað sem fylgiskjal á þskj. 217 sem lagt var fram á 108. löggjafarþingi 1985–86.

Frumvarp um framlengingu á gildi laganna var lagt fyrir Alþingi og samþykkt þar, lög nr. 103/1985, en frestað var að taka afstöðu til þess frumvarps sem nefndin hafði samið um breytingar á lögum.

Þegar málið var tekið til athugunar að nýju í iðnaðarráðuneytinu var litið svo á að til greina kæmi grundvallarbreyting á lögum. Það var og álit Iðntæknistofnunar. Henni var

falið 19. ágúst s.l. að afla upplýsinga um hvernig iðnráðgjöf væri háttáð hjá þeim aðilum sem nytu fjárhagslegs stuðnings samkvæmt lögum um iðnráðgjafa.

Spurt var um efnisatriði og miðað við tímabilið frá september 1984:

1. Hverjir hafa starfað sem iðnráðgjafar og hvar?
2. Að hvaða verkefnum hafa þeir unnið?
3. Hvaða árangur hefur náðst?
4. Hver er staðan nú og hvað er helst fram undan?
5. Hver er áætlaður kostnaður fyrir árið 1985 og 1986 (sundurliðaður eftir helstu þáttum)?
6. Hvernig hefur fjármögnun verið háttáð?

Greinargerð Iðntæknistofnunar er dags. 20. september s.l. Útdráttur úr greinargerðum, sem bárust, er á fylgiskjali með frumvarpi þessu. Að þessari greinargerð fenginni var svo í samráði við Iðntæknistofnun ofangreint frumvarp samið.

Meginatriði þess er það að iðnráðgjöfin verði markvissari og árangursríkari en verið hefur. Í stað þess að hafa sjálfvirkt styrkjakerfi, eins og nú er, þykir vænlegra til árangurs að styrkja þá aðila sem sýna frumkvæði og hafa vilja og getu til athafna á því sviði sem lögin taka til. Þar með er talin upplýsingaþjónusta um iðnaðarmál, fræðslustarfsemi, fundahöld og ferðakostnaður þar sem gjaldtaka getur ekki átt við.

Ætlunin með frumvarpinu er að einungis njóti stuðnings skilgreind verkefni og þá að jafnaði með mótframlagi umsækjanda. Með þessu er að því stefnt að beina athygli manna að verkefnum sem þeir telja verulegar líkur á að skili árangri.

Nauðsynlegt er að fjárveiting til iðnráðgjafa verði aukin nokkuð frá því sem nú er, en eðlilegt þykir að fjárveiting verði ákveðin af fjárveitingavaldinu hverju sinni. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1987 er nokkuð innan við 7 millj. kr., en æskilegt væri að hún yrði a.m.k. 10 milljónir kr.

Sú hugmynd hefur komið fram að rétt væri að ákveðið grunnframlag yrði greitt með svipuðum hætti og nú er, en því fé, sem umfram yrði, væri ráðstafað samkvæmt frumvarpinu. Slíkt mundi aðeins stuðla að því að viðhalda sjálfvirka kerfinu og þar með brjóta í bága við meginmarkmið þessa frumvarps. Þetta er því talið óráðlegt.

Til greina kæmi að kveða nánar á um starfshætti stjórnar ráðgjafarsjóðsins en frá því var fallið, enda eiga slík ákvæði fremur heima í reglugerð.

Þá kom til álita að hafa fyllri ákvæði um réttarstöðu iðnráðgjafa. Sama á við um það efni og það sem nú var nefnt.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Í þessari grein er gerð grein fyrir markmiði laganna sem er að draga úr því misvægi sem er á aðstöðu aðila úti á landi til að njóta ráðgjafar og aðstoðar á sviði iðnaðar og aðstöðu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Eins og málum er nú háttáð eiga aðilar þar greiðari aðgang að þjónustu- og fræðslustofnunum iðnaðarins. Með þessum lögum er reynt að jafna metin.

Ekki þykir rétt að einskorða aðstoð við sveitarfélög og samtök þeirra og iðnþróunarfélög eins og gert er í 1. gr. núgildandi laga. Eðlilegt virðist að sem flestir geti átt kost á aðstoð. Það yrði á valdi sjóðsstjórnar skv. 7. gr. að meta það hvaða verkefni væru líklegust til að skila árangri. Með þessum hætti er hér opnaður möguleiki, t.d. fyrir smærri sveitarfélög, til að ráða iðnráðgjafa í hlutastarf eða til að sinna afmörkuðum verkefnum.

#### Um 2. gr.

Í skilgreiningu hugtaksins iðnráðgjöf eru tekin upp þau verkefni sem iðnráðgjafar hafa einkum starfað að frá því að núgildandi lög voru sett, sbr. 3. gr. þeirra. Hér er um að ræða

mjög fjölbreytileg verkefni. Ekki er gert ráð fyrir að verið sé að seilast inn á tíðkanlegt verksvið iðnráðgjafarstofa né þeirra aðila sem nú starfa að fræðslumálum á sviði iðnaðar. Eins og orðalagið bendir til er hér um að ræða fyrstu skrefin, en síðan kæmu aðrir til.

#### Um 3. gr.

Hér er lagt til að stofnaður verði sérstakur ráðgjafarsjóður iðnaðarins er styrki þá ráðgjöf sem um ræðir í 4. gr. frumvarpsins.

Einhver kynni að telja að ástæðulaust væri að fjölga opinberum sjóðum, fremur ætti að fækka þeim. En hér er raunverulega um það að ræða að í stað þess, að ríkisframlag renni sjálfkrafa til viðtakenda eins og nú er, verði stjórn á því hvernig framlagi verði varið.

Í 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga segir svo um ríkisframlag til iðnráðgjafar: „Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka.“

Viðmiðun laganna í 2. mgr. 1. gr. er mjög óljós að ekki sé talað um ef bæta ætti við „þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði samkvæmt mati og nánari ákvörðun ráðuneytisins“ eins og tillaga hefur komið fram um. Því þykir eðlilegra að gera ráð fyrir tiltekinni fjárhæð í lögum sem breyttist í samræmi við verðlagsþróun.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að árleg fjárveiting verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, en í fjárlögum fyrir 1987 eru í þessu skyni veittar 6 830 000 kr. Í því sambandi má benda á að fjárveiting vegna starfa fagráðunauta á sviði landbúnaðar hjá Búnaðarfélagi Íslands og samkvæmt jarðræktarlögum mun vera um 40 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir 1987.

#### Um 4. gr.

Þessi grein virðist ekki þurfa sérstakra skýringa, sbr. skýringar við 2. gr.

#### Um 5. gr.

Í þessari grein eru taldir upp þeir sem hugsanlega geti notið styrks úr ráðgjafarsjóði. Hér eru fyrst nefnd sveitarfélög og samtök þeirra og svo iðnþróunarfélög, en aukið er við öðrum aðilum. Ætla má að styrkir til fyrirtækja og einstaklinga yrðu veittir að fenginni umsögn eða upplýsingum hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

Nú er mikið ósamræmi í því hvernig greiðslu fyrir þjónustu og framlögum viðtakenda styrks er háttáð. Í sjálfu sér getur það farið mjög eftir atvikum hvernig með skuli fara. Þykir eðlilegra að það verði metið af sjóðsstjórn í stað þess að hafa hið sjálfvirka kerfi og hlýtur hún að hafa til viðmiðunar eðli og umfang verkefnis sem um er að ræða.

#### Um 6. gr.

Þar sem mál þetta heyrir undir iðnaðarráðherra þykir eðlilegt að hann skipi formann í stjórn ráðgjafarsjóðs. Nauðsynlegt er að traust tengsl séu við Iðntæknistofnun og því er eðlilegt að hún tilnefni henni stjórnarmann, en Bygðastofnun hinn þriðja, sbr. ákvæði 1. gr.

#### Um 7. gr.

Þar sem mörg verkefni eru þess eðlis að þau geta tekið yfir nokkuð langt tímabil þykir rétt að skapa möguleika á því að veitt verði fyrirheit fram í tímann og þótti hæfilegt að miða við tvö ár. Að þeim tíma loknum má ætla að verkefni sé komið út fyrir verksvið ráðgjafarsjóðs og farið að heyra undir verksvið hinna hefðbundnu sjóða iðnaðarins.

Hér gæti einnig komið til greina fyrirheit til að tryggja starfskrafta ákveðins starfsmanns, en staða iðnráðgjafa er mjög ótraust samkvæmt gildandi lögum.

Um 8. gr.

Áður er vikið stuttlega að mótframlögum. Tilgangurinn með þessari grein er m.a. sá að sýnt sé að umsækjandi hafi bæði vilja og getu til að leggja eitthvað á móti. Þessi mótframlög geta orðið mjög mismunandi eftir eðli þess viðfangsefnis sem um er að ræða. Nauðsynlegt þykir að hafa heimild til að falla frá skilyrði um mótframlög þegar sérstakar ástæður mæla með.

Um 9. gr.

Krafa um greinargerðir er að sjálfsögðu sett fram til að stjórn sjóðsins geti gert sér grein fyrir árangri sem orðið hafi af styrk sjóðsins og hafi rétt til aðhalds um notkun þess fjár.

Um 10. gr.

Í greininni er mælt fyrir um setningu reglugerðar um frekari útfærslu á ákvæðum laganna. Hugmyndin er m.a. sú að staða iðnráðgjafa verði mörkuð nokkru nánar, enda er hún mjög óljós. Hér er um að ræða stétt sem gegnir mikilvægu hlutverki, enda stefnir frumvarpið að því að styrkja stöðu hennar, sbr. ákvæði um það efni í 8. gr.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt þykir að veita nokkurn tíma til að hlutaðeigandi aðilar geti lagað sig að breyttum ákvæðum samkvæmt lögnum.

### Fylgiskjal.

#### **Úr greinargerð Iðntæknistofnunar, dags. 20. september 1986, sbr. bréf iðnaðarráðuneytisins, dags. 19. ágúst 1986.**

Iðnráðgjöf á Íslandi fer nú fram hjá sjö aðilum sem ýmist eru iðnþróunarfélög eða samtök sveitarfélaga. Þau njóta styrks til starfseminnar eftir lögum um iðnráðgjafa, nr. 86 frá 31. desember 1981.

Starfsemi þessara aðila má greina í tvennt. Annars vegar eru það aðilar sem hafa hluta af sínum tekjum sem útselda vinnu, en það eru iðnþróunarfélögin á Suðurnesjum, í Eyjafirði og á Húsavík. Hins vegar eru það iðnþróunarfélög Norðurlands vestra og Austurlands ásamt samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og Vesturlandi, en þar er ekki tekið gjald fyrir þessa þjónustu. Annað er það sem greinir þessa hópa í sundur, en það er að svæði hinna fyrrnefndu eru lítil yfirferðar landfræðilega og hægt að fara um þau þver og endilöng á einum degi. Hinir aðilarnir þjóna stórum landsvæðum sem erfitt er að komast yfir. Á Vestfjörðum fer ekki fram iðnráðgjöf samkvæmt áðurnefndum lögum.

Segja má að þessi tvö atriði geri það að verkum að þessir aðilar eru illa sambærilegir. Annars vegar er um að ræða þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga á tiltölulega þröngu svæði þar sem iðnráðgjafinn getur haft gott eftirlit með gangi mála. Hins vegar er um að ræða heimsóknir sem oft eru stopular, sérstaklega yfir vetrartímamann, og þá fer ráðgjöfin að hluta til fram um síma eða með bréfaskriftum.

Hér á eftir fer lýsing á þessum svæðum hverju fyrir sig. Skýrslur frá öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, eru lagðar til grundvallar þessari samantekt. Einnig fylgir yfirlit yfir kostnað og tekjur hjá þessum aðilum.

**Svæði: Suðurnes.**

*Iðnráðgjafar:*

Jón E. Unndórsson, frá september 1984 til dagsins í dag.

Albert Þór Jónsson, frá júlí 1986 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Almenn atvinnumál á svæðinu. Megináhersla hefur þó verið lögð á ráðgjöf við nokkur fyrirtæki og hefur orðið gott samstarf milli iðnráðgjafa og þeirra.

*Árangur:*

Telja verður að umtalsverður árangur hafi náðst á svæðinu og ber þar að nefna samstarf við fyrirtæki eins og Vélsmiðju Ol. Olsen og Íslenskt-franskt eldhús.

*Staða mála:*

Iðnþróun er rekin sem sérstakt fyrirtæki, Iðnþróunarfélag Suðurnesja hf., og eru hluthafar bæði sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu. Hefur starfsemin verið öflug sérstaklega vegna þess að sami maður hefur gegnt iðnráðgjafarstarfinu um nokkurra ára skeið. Við það hefur náðst ákveðin færni í ráðgjöf og stöðugleiki á svæðinu. Það að fyrirtækið taldi sig hafa bolmagn til að ráða nýjan starfsmann lýsir því vel stöðu mála.

*Fjárhagsstaða:*

Traust innheimta árgjalda og talsverðar sértekjur gera félagið vel í stakk búið til að standa undir öflugri starfsemi. Ríkisframlagið er notað til að greiða fyrir þá ráðgjöf sem rétt er að veita án endurgjalds og eins fyrir frumkannanir á málum.

*Athugasemdir:*

Suðurnes eru þéttbyggt svæði miðað við flest önnur héruð sem iðnráðgjafar þurfa að fara um. Því má segja að iðnráðgjafinn nái góðum árangri og þurfi ekki að eyða miklum tíma í ferðalög og einnig er hann í góðum tengslum við þjónustustofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Samvinna fyrirtækjanna og sveitarfélaganna um iðnráðgjafarstarfið er það sem hér hefur ráðið mestu um árangur ásamt því að iðnráðgjafinn er ófeiminn við að taka gjald fyrir þá vinnu sem hann innir af hendi fyrir fyrirtækið. Fyrirtækin eru því von að greiða fyrir þá þjónustu og nýta sér hana.

**Svæði: Vesturland.**

*Iðnráðgjafar:*

Ólafur Sveinsson, frá 1981 til 1. september 1984.

Ragnar Hjörleifsson, frá 1. september 1985 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Almenn rekstrarráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu.

*Árangur:*

Iðnráðgjafinn hefur sett sig inn í mörg mál og verið innan handar við lausn margra verkefna, en ekki er hægt að leggja neinn fastan mælikvarða á starfið.

*Staða mála:*

Iðnráðgjafinn er starfsmaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og hefur sína vinnuadstöðu þar. Núverandi ráðgjafi hefur verið í starfinu rúmlega eitt ár og þurfti að vinna

mikið starf frá grunni eftir að starfið hafði legið niðri heilt ár. Vesturland er allstórt svæði og samgöngur við Snæfellsnes yfir vetrartímann eru oft stopular. Starfið hefur því að nokkru leyti takmarkast við Akranes og Borgarnes.

*Fjárhagsstaða:*

Um enga útselda vinnu er að ræða og ekki sjást neindir tilburðir til að taka slíkt upp. Innheimta gjalda frá sveitarfélögunum er í lágmarki og má segja að ríkisstyrkurinn standi að mestu leyti undir starfsemi því að framlag sveitarfélaga er að mestu fólgið í að veita aðstöðu.

*Athugasemdir:*

Meðan starfið er einungis einhliða af hálfu sveitarfélaganna og fyrirtækin á svæðinu hafa engra hagsmuna að gæta nema nota þjónustuna er ekki sennilegt að starfið þróist mikið úr því sem komið er. Fyrirtækin eru orðin vön að nota ráðgjafann ókeypis og því yrði erfitt að koma á sértekjuöflun. Helsta ráðið er að stofna iðnþróunarfélag og koma starfsemi undan stjórn sveitarfélaganna.

**Svæði: Norðurland vestra.**

*Iðnráðgjafar:*

Eggert Atli Benónýsson, frá september 1985 til júlí 1986.

Friðrik Jónsson, frá júlí 1986 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Almenn iðnþróunarverkefni á svæðinu. Ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.

*Árangur:*

Helsta verkefnið, sem skilað hefur árangri, er framleiðsla á skelfiskplógi Einars Jóhannessonar uppfinningamanns. Önnur helstu verkefni hafa verið fræðsla og kynningarstarf.

*Staða mála:*

Um áramót 1985 var stofnað Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra og áttu þátt í því sveitarfélögin á svæðinu frá Hrutafjarðarbotni að Siglufirði. Engin fyrirtæki voru tekin með inn í félagið. Svæði félagsins er víðfeðmt og þar sem iðnráðgjafinn hefur aðsetur sitt á Blönduósi er eðlilegt að mest af hans vinnu tengist því svæði og lítið sé um ferðir á vörum til annarra staða vegna samgönguferfiðleika.

*Fjárhagsstaða:*

Árgjöld sveitarfélaganna standa undir  $\frac{2}{3}$  af kostnaðinum við starfið á móti ríkisframlaginu. Engir tilburðir eru til að taka gjald fyrir þjónustu iðnráðgjafans, enda er hann að mestu nýttur af sveitarfélögunum sem finnst þau vera búin að greiða sitt með sínu árgjaldi.

*Athugasemdir:*

Nokkur ríður virðist vera milli sveitarfélaganna um staðsetningu iðnráðgjafans því að á þessu sviði er það sá staður, sem hefur ráðgjafann, er mest gagn hefur af honum. Iðnaður er mestur í Skagafirði og er því álitamál hvort rétt sé að ráðgjafinn hafi aðsetur í Húnavatnssýslu. Komi ekki til aukin þátttaka fyrirtækja í starfsemi iðnþróunarfélagsins er hætt við að það stefni í sama farið og þar sem sveitarfélögin ráða hlutunum og iðnráðgjafinn verði launaður fulltrúi atvinnumálanefndar fyrir svæðið.

**Svæði: Eyjafjörður.**

*Iðnráðgjafi:*

Ingi Björnsson, frá 1984 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Víðtæk verkefni fyrir iðnfyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu.

*Árangur:*

Talsverður árangur í einstökum verkefnum fyrir fyrirtæki á svæðinu.

*Staða mála:*

Iðnráðgjöfin fer fram á vegum Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar hf. og er það í eigu 28 aðila, sveitarfélaga, kaupfélaga og félagasamtaka. Félagið hefur hæfilegan starfsvettvang og má segja að ráðgjafinn komist á stund úr degi um allt svæðið án teljandi erfiðleika. Byggð er þétt og talsvert er um iðnað. Félagið starfaði sem sjálfstæður rekstraraðili án stuðnings hins opinbera í upphafi og hafði bolmagn til að hafa tvo starfsmenn lengst af. Núverandi ráðgjafi starfar einn tímabundið meðan verið er að ganga frá ráðningu nýs starfsmanns. Fjárstuðningur ríkisins á svæðinu fór áður til Fjórdungssambands Norðlendinga og hafði það iðnráðgjafa sem annaðist allt Norðurland. Nú er þessu skipt í þrennt: Norðurland vestra, Eyjafjarðarsvæðið og Húsavík.

*Fjárhagsstaða:*

Iðnþróunarfélagið tekur hálfan styrk frá ríkinu á móti Iðnþróunarfélagi Húsavíkur. Megintekjur koma frá rekstrarframlagi hluthafa og útseldri vinnu.

*Athugasemdir:*

Samstarfið við sveitarfélögin hefur verið gott og má segja að félagið sé að mörgu leyti til fyrirmyndar hvað rekstur varðar.

**Svæði: Húsavík.**

*Iðnráðgjafi:*

Sigurbjörn Þorkelsson, frá mars 1985 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Aðstoð við stofnun fyrirtækja og rekstrarráðgjöf við starfandi fyrirtæki.

*Árangur:*

Af 45 verkefnum, sem unnið hefur verið að, hafa sex verkefni komist í framkvæmd, 15 hefur verið hætt við á frumstigi og 12 hafa leitt af sér neikvæða niðurstöðu, en þrjú verkefni eru í jákvæðri biðstöðu.

*Staða mála:*

Iðnráðgjöfin er í höndum Iðnþróunarfélags Húsavíkur sem stofnað var haustið 1984. Hafði það lausráðinn ráðgjafa þar til núverandi ráðgjafi tók starfið að sér sem fullt starf. Í félaginu eru einstaklingar og fyrirtæki á svæðinu.

*Fjárhagsstaða:*

Iðnþróunarfélagið tekur hálfan styrk á móti Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar. Það nýtur einnig framlaga úr bæjarsjóði og félagsgjalda, en að hálfu er það fjármagnað með útseldri vinnu.



*Athugasemdir:*

Eftir að félagið fór að njóta ríkisframlags varð það að auka þjónustu við nærliggjandi byggðarlög. Áður hafði það þjónað Húsavík eingöngu. Það má segja að geti fyrirtæki og sveitarfélög komið sér saman um slíka starfsemi er víst að hún skilar árangri.

**Svæði: Austurland.**

*Iðnráðgjafar:*

Ásgeir Magnússon, mars 1983 til september 1984.

Bergsteinn Gunnarsson, september 1984 til september 1985.

Axel Beck, desember 1985 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Almenn iðnráðgjafar- og fræðslumál á iðnsviðinu á svæðinu.

*Árangur:*

Ekki verður dregið fram neitt einstakt mál sem stórsigur, en mörg smámál hafa tínst til og er vísað til fylgiritra sem hægt er að útvega ef óskað verður.

*Staða mála:*

Austurlandssvæðið er eitt það erfiðasta á landinu frá sjónarhorni iðnráðgjafar. Það er víðfeðmt, frá Langanesi að Lómagnúpi. Á vetrum má segja að ferðir séu mjög stopular og samgöngur erfiðar. Staðsetning iðnráðgjafa á Seyðisfirði eykur á þessi vandkvæði og gerir hann einangraðri en ella. Iðnráðgjöfin er í höndum Iðnþróunarfélags Austurlands og eru félagsmenn bæði sveitarfélög og fyrirtæki. Talsvert rask hefur orðið á starfsemi félagsins og starfsemi þess legið niðri um skeið og því erfitt fyrir nýjan mann að koma starfseminni aftur af stað, en það mál virðist þó vera á góðri leið.

*Fjárhagsstaða:*

Framlag ríkissjóðs kemur að hálfu á móti framlagi frá sveitarfélögunum og árgjöldum í félagið. Ekki er innheimt fyrir vinnu og er erfitt að byrja á því að óbreyttum aðstæðum.

*Athugasemdir:*

Á Austurlandssvæðinu virðist vera talsverður áhugi hjá fyrirtækjum á iðnráðgjöf og vilja þau taka þátt í henni, en staðhættir og sérstaklega staðsetning iðnráðgjafans virðast vera til trafala.

**Svæði: Suðurland.**

*Iðnráðgjafar:*

Porsteinn Garðarsson, frá september 1981 til maí 1985.

Bjarni Jónsson, frá ágúst 1985 til dagsins í dag.

*Málefni sem unnið hefur verið að:*

Á Suðurlandi er starfræktur Iðnþróunarsjóður Suðurlands og fer tími iðnráðgjafans að hluta til í að kanna mál fyrir hann. Meginstarfið hefur farið í að vinna að almennum nýjum atvinnutækifærum.

*Árangur:*

Rekja má til starfsemi iðnráðgjafa stofnun nokkurra verksmiðja. Má þar nefna Alpan á Eyrarbakka, Ekta hf. á Eyrarbakka og Límtrésverksmiðjuna á Flúðum. Mörg fleiri smærri verkefni hafa líka litið dagsins ljós.

#### Staða mála:

Starfsemin er rekin af Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og Iðnþróunarsjóði Suðurlands. Má segja að þátttaka sjóðsins tryggji afskipti fyrirtækja af starfseminni og eru almennt góð tengsl milli fyrirtækja og ráðgjafans. Svæðið býður upp á mikla möguleika. Könnun á nýjum iðnaðartækifærum er verkefni sem iðnráðgjafi ætti að geta unnið að með góðum árangri.

#### Fjárhagsstaða:

Framlag ríkissjóðs stendur undir um það bil helmingi af rekstrarkostnaðinum vegna iðnráðgjafans. Það sem upp á vantar er greitt af samtökum sveitarfélaga og Iðnþróunarsjóðnum. Ekki er rukkað fyrir vinnu iðnráðgjafans, enda er hann oft í almennum atvinnumálaverkefnum.

#### Athugasemdir:

Sé litið á fjölda íbúa og umfang svæðisins er ljóst að á þessu sviði er ærinn starfi fyrir iðnráðgjafa. Verkefnin eru hins vegar það mörg að erfitt er fyrir einn mann að sinna þeim svo vel fari. Góður stuðningur er af hálfu sveitarfélaga og fyrirtækja, en það má segja að Suðurland bjóði upp á að hafa einn iðnráðgjafa í ráðgjöf og annan við að kanna atvinnutækifæri.

#### Kostnaðaryfirlit vegna iðnráðgjafar.

Ár:	1985	1986	1986	1986	1986	1985		
Svæði:*	Suðurnes	Norðurl.v.	Eyjafj.	Húsavík	Austfj.	Suðurl.	Samtals	%
<b>Tekjur:</b>								
Ríkisframlag	651 483	650 000	360 000	364 000	800 000	651 000	3 466 483	28.8
Framl. félaga	1 008 967	1 300 000	1 460 000	600 000	1 005 000	639 000	6 012 967	49.8
Útseld vinna	499 086		650 000	607 000			1 756 000	14.6
Aðrar tekjur	148 859				675 000		823 859	6.8
Samtals tekjur:	2 308 395	1 950 000	2 470 000	1 571 000	2 486 000	1 290 000	12 059 309	100.00
<b>Gjöld:</b>								
Laun og launat.	838 323	800 000	2 520 000	1 270 000	705 000	725 000	6 858 323	55.5
Skrifstofuk.	408 675	600 000	660 000	191 000	522 000	270 000	2 651 675	21.4
Ferðakostnaður		200 000	180 000	120 000	491 600	295 000	1 286 600	10.5
Annar kostn.		350 000	450 000		761 400		1 561 400	12.6
Samtals gjöld:	1 246 998	1 950 000	3 810 000	1 581 000	2 480 000	1 290 000	12 357 998	100.0

\* Upplýsingar um tekjur og gjöld bárust ekki frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.